



17. maí 2021

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 606. mál á 151. löggjafarþingi**

*Samningsgerð, umboð og ógildir löggjarningar (eftirlit með skilmálum í neytendasamningum)*

Eins og kom fram í framsöguræðu fyrsta flutningsmanns ofangreinds frumvarps var það útfært og lagt fram fyrir atbeina Hagsmunasamtaka heimilanna. Eðlilega eru samtökin því fylgjandi frumvarpinu, en með því er lagt til að innleidd verði að fullu í íslenskan rétt ákvæði 7. gr. Tilskipunar 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum, en þar segir m.a.:

1. *Aðildarríkin skulu tryggja, í þágu neytenda og samkeppnisaðila, að til séu réttar og árangursríkar leiðir til að hindra áframhaldandi notkun óréttmætra skilmála í samningum seljenda eða veitenda við neytendur.*
2. *Meðal leiðanna samkvæmt 1. mgr. skulu vera ákvæði sem einstaklingar eða samtök, með réttmæta haqsmuni samkvæmt landslögum til að vernda neytendur, geta nýtt sér til aðgerða landslögum samkvæmt fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnarsýslustofnunum til að fá úr því skorið hvort skilmálar, sem eru ætlaðir til almennrar notkunar, eru óréttmætir, og geti þannig beitt viðeigandi og árangursríkum leiðum til að hindra áframhaldandi notkun slíkra skilmála. [...]*

Eftirlit með lögum sem hafa verið sett til að innleiða hinar ýmsu tilskipanir á sviði neytendaverndar hér á landi er á höndum Neytendastofu. Tilskipun 93/13/EBE er grundvallartilskipun á þessu sviði og skýtur því skökku við að ekkert opinbert eftirlit sé með framkvæmd þeirra lagaákvæða sem hafa verið sett til að innleiða hana, þ.e. 36. gr. a-d í svokölluðum samningalögum nr. 7/1936. Ein færa leiðin til að fá skorið úr um hvort skilmálar séu óréttmætir er því að fara með slík mál fyrir dómstóla. Það væri aftur á móti mun skilvirkara í mörgum tilfellum ef neytendur og neytendaverndarsamtök gætu fengið leyst úr slíkum álitaefnum fyrir þar til bæri stjórnarsýslustofnun. Að öðru leyti er vísað til greinargerðar með frumvarpinu um nánari röksemdir og hvatt til þess að frumvarpið verði samþykkt.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is